



Nancy Ajram

Söngkona og velferðarsendiherra UNICEF

Máttur friðar

Námsgreinar

Samfélagsfræði, borgararéttindi og lífsleikni

Markmið

- Að kanna einhverjar af þeim skilgreiningum sem notaðar eru um frið
- Að rannsaka og bera kennsl á persónueinkenni, aðgerðir og tákni friðsamlegra aðgerðarsinna.
- Að hefjast handa við að ákvarða leiðir til þess að innleiða frið í kennsluumhverfið sem og heiminn í kring.

Undirbúningur

- Lesið *viðauka 1*
- Finnið ljósmyndir af friðsamlegum og ófriðsamlegum aðstæðum sem nemendur þínir myndu bera kennsl á.
- Tryggðu að nemendur hafi aðgang að bókum eða vefsíðum til að styðjast við í rannsókn sinni á friðsömum aðgerðarsinum eða prentið út úr upplýsingunum sem gefnar eru í *viðauka 3 og 4*.

Skilaboð til kennara

- Þessi kennslustund beinir athygli að viðkvæmum málefnum. Kennarar ættu að taka tillit til upplifana og þarfa nemenda sinna. Sjá *viðauka 1*.

Tími:

60
mín

Aldursbil:

8-11
ára



„World's Largest Lesson“ er samstarfsverkefni um menntun sem styður við kynningu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Verkefnið er lifandi sönnun mikilvægis Heimsmarkmiðs númer 17 sem fjallar um alþjóðlega samvinnu og væri ekki mögulegt án samstarfsaðila okkar og vinnu þeirra hver með öðrum.

Með þökkum til stofnenda verkefnisins:



Skapað af:



Dreifing:



Þýðing:



Sérstakar þakkir til þeirra sem hafa unnið með okkur um allan heim:



Verkefni

5
mín

Finnið nokkrar ljósmyndir sem sýna friðsamlegar og ófriðsamlegar aðstæður, t.d. bænir, vini, fólk að öskra eða sýna árásargjarna hegðun, stóran friðsamlegan fjöldafund, skriðdreka eða mótmæli með aðkomu lögreglu.

Myndir ætti að velja tillitsamlega.

Sýnið nemendum myndirnar, biðjið þá svo um að skrifa niður 1-3 orð sem þau telja að lýsi hverri mynd. Biðjið þau um að ræða við félagana um hvernig hver mynd lætur þeim líða og látið þau svo deila hugmyndum sínum með bekknum.

Dragið fram fyrir nemendurna þau ólíku orð sem eru notuð til þess að lýsa friðsömum og svo ófriðsömum aðstæðum og spyrjið svo - „af hverju haldið þið að ófriðsömu aðstæðurnar eða aðstæðurnar sem fólu í sér átök hafi átt sér stað?“

Kynnið umfjöllunarefni og markmið kennslustundarinnar.

Verkefni

10
mín

Hvað er friður?

Biðjið nemendurna um að velja hver þessara skilgreininga á friði þeim þyki nákvæmest eða sem þau tengja best við:

- „Frelsi frá erfiðleikum eða áhyggjum.“
- „Að finna fyrir andlegri eða tilfinningalegri ró.“
- „Sá tími þegar ekkert stríð geysar eða þegar stríði er lokið.“

Hvernig myndu nemendur lýsa friði?

Notið eftirfarandi spurningar til að hjálpa nemendum að móta hugmyndir sínar:

- Getur friður merkt ólíka hluti fyrir ólíkt fólk? Afhverju gæti það verið?
- Hvernig tókumst við á við átök? Hvaða friðsamlegu leiðir er hægt að fara til þess að leysa úr átökum?
- Finnum við fyrir friði innra með okkur eða kemur tilfinningin að utan? Kannski bæði?

Leyfið nemendum að íhuga í næði í nokkrar mínútur áður en þið biðjið um svör. Skriðið nokkur lykilorð og hugmyndir úr svörum nemenda upp á töflu eða flettistöflu.

Lesið þessa stuttu rafrænu grein fyrir meiri upplýsingar um skilgreiningu friðs:

<http://www.international-alert.org/what-peace>

Það er samantekt til dreifingar í *viðauka 2* fyrir þá sem hafa ekki nettengingu.

Aðrir möguleikar

Ef verið er að nota þessa kennslustund til að kenna börnum eldri en 11 ára eða lengra komnum nemendum, getið þið deilt þessari yfirlýsingu sem er tekin úr *Alþjóðlegu mannréttindayfirlýsingunni*:

„Það ber að viðurkenna, að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.“

Biðjið nemendur um að íhuga og ræða hvað þessi yfirlýsing þýðir.

Þessa umræðu er svo hægt að tengja við seinni verkefni um friðsama aðgerðarsinna. Öll ágrípin um aðgerðarsinnanna í *viðauka 3* vísa til mannréttinda.

Verkefni

20
mín

Að rannsaka friðsamlega aðgerðarsinna

Skiptið nemendum upp í litla hópa sem telja um þrjá eða fjóra. Látið nemendur draga nafn friðsamlegs aðgerðarsinna úr poka eða ánafnið hverjum hóp aðgerðarsinna sjálf. Hugmyndir að fólki sem hægt er að skoða eru t.d. Karim Wasfi, Leymah Gbowee, Mahatma Gandhi, Malala Yousafzai og Nelson Mandela.

Hugsið um hvernig nemendur eru hópaðir saman.

Deilið efninu í *viðauka 3* eða biðjið nemendur um að rannsaka aðgerðarsinnana sína frekar með því að notast við tenglana í *viðauka 4*. Sumum nemendum kann að finnast betra að fá útprentað efni eða bækur frekar en að þurfa að lesa af tölvuskjá.

Hafið hvern þann friðsama aðgerðarsinna með sem þið teljið að gæti verið viðeigandi (sjá *viðauka 4*) en verið meðvituð um að sumir aðgerðarsinnar geta verið álitnir pólitískir í ákveðnu landlægu eða svæðisbundnu samhengi og ættu því að vera valdir vandlega.

Gefið nemendum autt blað eða pappa sem hentar til plaggatgerðar ásamt skriffærum. Látið þau búa til plaggöt með mikilvægum staðreyndum um sinn aðgerðarsinna og hans baráttumál. Leyfið nemendum að prenta út eða teikna mynd af aðgerðarsinnanum.

Gefið nemendum fyrirmæli um að leita eftir þessum tilteknu hlutum:

- Hver er þinn friðsami aðgerðarsinni? Hvert er nafn þeirra? Hvaðan koma þeir?
- Hvert er/var markmið þeirra?
- Hvernig náðu þeir eða reyndu að fá því markmiði framgengt?
- Af hverju eru/voru aðferðir þeirra friðsamlegar?
- Hvaða sérkenni hafa/ höfðu þeir?

Aðrir möguleikar

Fyrir suma nemendur gæti verið of flókið að rannsaka nokkra aðgerðarsinna. Í staðinn gætir þú einblínt á einn eða tvo þessara aðgerðarsinna og rannsakað þá sérstaklega saman sem bekkur.

Verkefni

10
mín

Skilgreiningar nemenda á friði

Dreifðið miðum til allra nemenda og biðjið þau um að skrifa niður þeirra eigin skilgreiningu á frið. Leyfið nemendum að teikna þeirra sýn á frið ef þau eru ekki fær um að setja hana niður í orð.

Safnið miðunum frá nemendum saman (nemendur þurfa ekki að setja nafn sitt á miða ef þeir vilja það ekki) og veljið nokkra til að lesa upp eða til að sýna bekknum.

Reynið að velja miða sem hafa ólíka framsetningu á skilgreiningunni.

Aðrir möguleikar

Fyrir yngri eða ekki jafn langt komna nemendur, gætir þú undirbúið úrval mynda, orða og frasa sem þau geta felld inn í skilgreiningar sínar.

T.d. Friður er ... þegar allir eru hamingjusamir, þegar fólk er ekki að berjast.

Það væri hægt að nota spjöld til þess að búa til bekkjar útstillingu. Nemendur gætu einnig fundið aðrar tilvitnanir, myndir eða ljóð, til dæmis, sem lýstu friði eða mikilvægi hans. Þetta gæti verið heimaverkefni.

Þetta leyfir einnig öðrum nemendum og sérhverjum gesti í kennslustofunni að sjá hvaða efni er verið að kenna og ræða.

Verkefni

5
mín

Umræður

- Hvað höfum við lært í dag sem getur breytt því hvernig við högum okkur í kennslustofunni og með vinum okkar?
- Hvað höfum við fram að færa sem gæti gert heiminn að friðsælli stað?

Látið nemendur fyrst ræða við félagar og kallið svo fram nokkra þeirra til þess að deila hugsunum sínum með bekknum. Leggið áherslu á hvernig nemendur geta marktækt hjálpað til við að gera heiminn að friðsælli stað jafnvel með hinum minnstu gjörðum.

Skoðið *viðauka 5* fyrir viðbótarefni

Aðrir möguleikar

Að öðrum kosti, biðjið nemendur um að skrifa niður svör sín við þessum spurningum, til þess að sjá hvort allir nemendurnir hafi skilið þær almennu hugmyndirnar sem ræddar voru í þessari kennslustund.

Umræðurnar sem þú átt með nemendum þínum í þessari kennslustund þarf að nálgast varfærnislega og meðvitað um bakgrunn og upplifanir nemenda. Þú vilt að kennslustofan sé 'öruggt' svæði fyrir nemendur þína til þess að deila hugmyndum sínum og upplifunum. Sumir nemendur gætu viljað afsaka sig frá ákveðnum umræðum og það skildi virða. Þér gæti þótt eftirtaldar ráðgefandi heimildir um hvernig skuli nálgast umdeild efnistösk í kennstustundinni gagnlegar.

Leiðbeiningar *Oxfam* um kennslu umdeilda mála

<http://www.oxfam.org.uk/education/teacher-support/tools-and-guides/controversial-issues>

Leiðarvísir *The Historical Association* um kennslu tilfinningaþrunginnar og umdeildrar sögu

<http://globaldimension.org.uk/resources/item/1522>

Mörgum kennurum finnast aðferðir *Philosophy for Children* við að meðhöndla umræður af þessu tagi gagnlegar, þú getur lesið meira hér:

<http://globaldimension.org.uk/news/item/13650>

Hvað er friður?

Fólk getur lýst friði á ýmsa vegu. Frá hnattrænu sjónarmiði er friður þegar unnt er að leysa átök án ofbeldis og bæta lífsgæði.

Samkvæmt www.international-alert.org:

„Friður er þegar:

- Allir lifa í öryggi, án ótta eða ógnar ofbeldis og engin gerð ofbeldis er liðin í lögum eða í raun.
- Allir eru jafnir fyrir lögum, dómskerfinu er treyst og réttlát og skilvirk lög vernda rétt fólksins.
- Öllum er kleift að taka þátt í mótun pólitískra ákvarðanna og ríkisstjórnin er ábyrg gagnvart fólkinu.
- Allir eiga sanngjarnan og jafnan aðgang að grundvallarþörfum fyrir velferð sína – svo sem eins og mat, hreinu vatni, skjóli, menntun, læknisþjónustu og sæmandi umhverfi til að búa í.
- Allir hafa jöfn tækifæri til að vinna og standa undir sér, hvað sem viðkemur kyni, þjóðernishóp eða hverri annarri hlið sjálfsvitundar.”

Gagnrýnar spurningar til að velta fyrir sér:

1. Af hverju er friður okkur mikilvægur?
2. Án friðar, hvernig væri umhorfs í heiminum? Væri hann eins eða öðruvísi?
3. Hvað merkir friður fyrir þig?
4. Hvað er líkt með hugmyndunum sem felast í þessari skilgreiningu á friði og þeim mannréttindum sem þú hefur heyrt um?

Heimild: <http://www.international-alert.org/what-peace>

Friðsamlegir aðgerðarsinnar – Karim Wasfi

HVER ER KARIM WASFI?

Hinn kunnir hljómsveitarstjóri írösksku sinfóníuhljómsveitarinnar lék á sellóið sitt á vettvangi bílasprengju til þess að ögra en um leið biðla til mannúðar bæði hryðjuverkamannanna og borgaranna. Hann kom á fót framtakinu *Friður gegnum list*.

HVAÐ GERÐI KARIM WASFI?

Karim hefur verið að birtast á vettvangi sprenginga um alla Bagdad. Aðeins nokkrum klukkustundum eftir árásir, má sjá hann sitjandi í öskunni og grjótmulninginum í svörtum jakkafötum, með sítt hárið greitt aftur, leikandi á sellóið sitt. Fyrir honum hefur þessi blanda tónlistar og staðsetningar tekið á sig mynd andstöðu.

„Ólíkt því sem fólk heldur, þá höfum við val um að berjast á móti,” Segir Wasfi. „Við getum ekki bara gefist upp gagnvart yfirvofandi ömurlegum endalokum óvissunar með því að hætta að starfa. En ég held að þetta sé vakning fyrir alla að taka ákvörðun um að velja og ákveða hvernig þeir vilja lifa, ekki hvernig þeir vilja deyja.”



Friðsamlegir aðgerðarsinnar – Leymah Gbowee

HVER ER LEYMAH GBOWEE?

Leymah Gbowee hlaut friðarverlaun Nóbels árið 2011 fyrir starf sitt við að leiða friðarhreyfingu kvenna sem varð til þess að ljúka seinni líberísku borgarastyrjöldinni árið 2003. Borgarastíð er stríð milli ólíkra hópa fólks innan sama lands.

Leymah var fædd í miðri Líberíu árið 1972. Hún bjó með foreldrum sínum og systur í höfuðborg Líberíu, Monrovia, þegar fyrsta líberíska borgarastyrjöldin hófst. Hún man mjög vel eftir þeim degi.

„Allt í einu einn morgun í júlí vakna ég upp 17 ára á leiðinni í háskólann til að uppfylla draum minn um að verða læknir og átökin brutust út.”



HVAÐ GERÐI LEYMAH GBOWEE?

Hafandi verið vitni að áhrifum stríðsins á Líberíumenn, ákvað hún að þjálfa sig upp sem áfallaráðgjafa til þess að sinna fyrrum barnahermönnum. Áfallaráðgjafi hjálpar fólki sem hefur þjáðst í stríði, ofbeldisfullum eða öfgafullum aðstæðum að jafna sig á lífsreynslu sinni.


Hún virkjaði félag sína meðal kristinna kvenna til þess að hefja friðaraðgerðir. Hún vann síðan með múslímskum konum og stefndi þessum tvemur hópum þannig saman í fyrsta skipti.

Leymah var talsmaður hósins og leiddi konurnar í vikulöngum opinberum mótmælum sem fóru sífelld stækkandi þar til þau töldu þúsundir manna. Leymah leiddi *Fjöldaadgerðir Kvenna Líberíu fyrir Friði* í opinberum mótmælum sem neyddi forseta landsins Charles Taylor til að hitta þær og samþykkja að taka formlega þátt í friðarviðræðum í Ghana.

Leymah er stofnandi og forseti *Gbowee Friðarstofnunar Afríku* sem hefur bælistöðvar í Líberíu. Stofnun hennar útvegar menntunar- og leiðtogaþækifæri til handa stúlkna, kvenna og ungmenna í Vestur-Afríku.

Friðsamlegir aðgerðarsinnar – Mahatma Gandhi

HVER ER MAHATMA GANDHI?



Mahatma Gandhi fæddist á Indlandi 2. Október árið 1869 í auðuga fjölskyldu. Faðir hans, sem var leiðtogi í samfélagi þeirra, vildi að sonur sinn yrði lögfræðingur svo hann hélt til London til þess að sækja þar skóla 19 ára að aldri.

Þremur árum seinna, snéri hann aftur til Indlands til þess að reyna að koma á fót sinni eigin lögfræðistofu en fórst það ekki úr hendi. Hann ákvað að taka við starfi hjá annarri lögfræðistofu og fluttist til Suður-Afríku. Á meðan Gandhi var í Suður Afríku, upplifði hann kynþóttafordóma sem beint var að Indverjum. Í 20 ár beitti hann sér gegn löggjöf sem fæli

í sér mismunun gagnvart Indverjum. Þessi mismunun varð til þess að Gandhi byrjaði að vinna að og hafa ástríðu fyrir borgaralegum réttindum.

HVAÐ GERÐI MAHATMA GANDHI?

Þegar Gandhi sneri aftur til Indlands árið 1914 var hann ákveðinn í að hjálpa til við berjast gegn breska heimsveldinu fyrir sjálfstæði Indlands. Hann varð leiðtogi Þjóðþings Indlans og stefndi að því að hjálpa fátækum bændum og verkamönnum að mótmæla sköttum og mismunun (að koma ólíkt fram við ólíka hópa fólks). Önnur markmið hans voru meðal annars að minnka fjölda fátæks fólks, enda erfðastéttakerfið (Hindu kerfi sem skipti fólki þannig upp að sumir voru mikilvægari og gátu sinnt betri störfum en aðrir) og gera konur jafnar mönnum. Til þess að berjast fyrir málstaðnum skipulagði hann borgaralega óhlýðni. Slíkar athafnir fólu í sér að stórir hópar fólks neituðu að vinna, settist niður á götunum og sniðgekk dómsali. Ef þetta var allt framkvæmt í einu gat það lamað allt landið.

Vegna þess að þessi mótmæli voru ólögleg, var Gandhi fangelsaður nokkrum sinnum fyrir að skipuleggja þau. Á meðan hann var í fangelsi fastaði hann (borðaði ekki). Á endanum slepti breska ríkisstjórnin honum árið 1931. Indverjar elskuðu Gandhi vegna þess að hann barðist fyrir borgaralegum réttindum þeirra og breska ríkisstjórnin hafði áhyggjur af því hvað myndi gerast ef þau leyfðu honum að deyja í fangelsi.

Ein frægustu og farsælustu mótmæli hans var *Saltgangan*. Þegar Bretar settu skatt á salt, ákvað Gandhi að hann myndi ganga til sjávar (um 388 kílómetra í burtu) til þess að búa til sitt eigið salt. Þúsundir Indverja sameinuðust honum í þessari göngu.

HVERNIG HAFÐI HANN ÁHRIF?

Í gegnum allt sitt líf var Gandhi skuldbundin því að lifa einföldu lífi. Þó að hann eyddi miklum tíma í að mótmæla, þá hvatti hann alltaf til friðsamlegra aðferða. Hann er enn þann dag í dag mikil fyrirmynd margra friðarsinnaðra aðgerðarsinna um heim allann.

Friðsamlegir aðgerðarsinnar – Malala Yousafzai

HVER ER MALALA YOUSAFZAI?

Sem ung stúlka stóð Malala Yousafzai uppi í hárinu á Talíbönunum í Pakistan og krafðist þess að stelpum væri gert kleift að sækja sér menntun. Hún var skotin í höfuðið af talíbönskum byssumanni árið 2012, en lifði af.



Malala Yousafzai fæddist 12. Júlí 1997 í Mingora, Pakistan. Sem barn varð hún talsmaður menntunar stúlkna, sem varð til þess að Talíbanar gáfu út líflátshótun gegn henni. Þann 9. Október 2012 skaut maður vopnaður byssu Malölu þegar hún var á leið heim úr skóla. Hún lifði af og hefur haldið áfram tala fyrir mikilvægi menntunar. Árið 2014 var hún tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels og varð yngsti viðtakandi þeirra.

HVAÐ GERÐI MALALA YOUSAFZAI?

Snemma árs 2009, byrjaði Malala að blogga fyrir BBC um hvernig það væri að lifa með hótunum Talibana um að neita henni um menntun. Með auknum sýnileika hélt Malala áfram að tala fyrir réttindum sínum og rétti allra kvenna til menntunar.

Þann 9. Október 2012 á leið sinni heim úr skólanum, kom maður um borð í rútuna sem Malala var í og skaut hana í höfuðið. Skotárásin skyldi Malölu eftir illa slasaða, svo flogið var með hana á herspítala í Peshawar og hún seinna færð á sjúkrahús í Birmingham, Englandi.

Þó að hún þyrfti fjölda aðgerða – þar á meðal viðgerð á taugum í andliti til þess að laga lamaða vinstri hlið andlits hennar – varð hún ekki fyrir neinum meiriháttar heilaskaða. Í mars 2013 gat hún svo farið að sækja skóla í Birmingham.

Þrátt fyrir hótanir Talíbanana heldur Malala áfram að vera staðfastur talsmaður fyrir mætti menntunar. Í október 2014, hlaut Yousafzai friðarverðlaun Nóbels ásamt indverska aðgerðarsinnanum fyrir réttindum barna, Kailash Satyarthi. Aðeins 17 ára að aldri varð hún þannig yngsta manneskjan í sögunni til þess að hljóta friðarverðlaun Nóbels.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna Ban Ki-moon lýsti Malölu sem „hugrökkum og blíðum talsmanni friðar sem að varð í gegnum hinn einfalda gjörning að ganga í skóla að kennara á heimsvísu.“

Friðsamlegir aðgerðarsinnar – Nelson Mandela



HVER ER NELSON MANDELA?

Nelson Mandela var fyrsti hörundsdökki forseti Suður-Afríku. Hann var fæddur árið 1918. Nelson var vel gefið barn. Hann sótti trúboðaskóla áður en hann fór í Fort Hare Háskóla þar sem hann nam lögfræði. Árið 1939 yfirgaf Nelson háskólann vegna þess að nemendur voru að mótmæla því hvernig að hlutunum var staðið. Hann hélt til Jóhannesborgar og varð lögfræðingur árið 1942. Nelson gekkst til liðs við *Afríska þjóðþingsflokkinn* (ANC) árið 1944. Markmið þeirra var að hörundsdökkir Suður-Afríkubúar yrðu jafn réttáir hinum hvítu Suður-Afríkubúum.

UM SUÐUR AFRÍKU

Meirihluti íbúa Suður-Afríku var dökku á hörund. Árið 1815 varð landið hluti af breska heimsveldinu og ríkisstjórnin var öll hvít. Þeldökkt fólk hafði litla stjórn yfir því hvernig ríkisstjórnin var rekin og flestir þeirra voru fátækir og unnu sem þjónustumenn á býlum, í verksmiðjum og gullnámmum.

Árið 1948 útbjó ríkisstjórnin ný lög sem héldu hvítum og þeldökku aðskildum. Þessi lög voru kölluð „apartheid“ eða aðskilnaðarstefnan.

HVAÐ GERÐI NELSON MANDELA?

Mandela frétti af Mahatma Gandhi og friðsömu mótmælunum sem hann stóð fyrir á Indlandi. Sjálfur vildi hann losna við aðskilnaðarstefnuna án átaka. Árið 1956 voru Mandela og 155 aðrir handteknir og fangelsaðir í 5 ár fyrir það að tjá sig. Árið 1962 var hann handtekinn á ný og ásakaður um að leggja á ráðin um að steypa ríkisstjórninni af stóli. Mandela var dæmdur í lífstíðarfangelsi en gafst þó ekki upp.

Árið 1988 fór ríkisstjórnin að breytast og heimurinn vildi sjá Nelson Mandela lausann úr fangelsi. Hann var frelsaður árið 1990 af hinum nýja forseta FW de Klerk og báðir menn samþykktu að hætta að berjast.

Árið 1991 varð hann að leiðtoga ANC og bauð sig fram í kosningunum árið 1994. Það var í fyrsta skipti sem að hörundsdökku fólk í Suður-Afríku var gert kleift að kjósa. Árið 1994 varð Nelson Mandela fyrsti hörundsdökki forseti Suður-Afríku og hetja fólks um allan heim. Þrotlaus vinna hans og hollusta gerðu honum kleift að ná fram mannréttindum fyrir alla og að færa Suður-Afríkubúa saman til að geta lifað í friði.

AUKA VEFSÍÐUR SEM NEMENDUR GETA STUÐST VIÐ Í RANNSÓKN SINNI Á FRÍÐARSINUÐUM AÐGERÐARSINNUM:

Karim Wasfi (er hluti af viðauka 3):

- <https://www.youtube.com/watch?v=3tyDtGAGoqI>
- <http://www.aljazeera.com/news/2015/04/interview-played-cello-baghdad-bomb-site-150429191916834.html>
- <http://www.bbc.co.uk/programmes/p02q76y0>
- <https://www.facebook.com/pages/Peace-Through-Art-Foundation-%D9%85%D8%A4%D8%B3%D8%B3%D8%A9-%D8%A7%D9%84%D9%81%D9%86-%D9%84%D9%84%D8%B3%D9%84%D8%A7%D9%85/1569083450009852>

Leymah Gbowee (er hluti af viðauka 3):

- <http://nobelwomensinitiative.org/meet-the-laureates/leymah-gbowee/>
- http://www.nobelprize.org/nobel_prizes/peace/laureates/2011/gbowee-bio.htm
- http://www.ted.com/talks/leymah_gbowee_unlock_the_intelligence_passion_greatness_of_girls?language=en

Mahatma Gandhi (er hluti af viðauka 3):

- http://www.ducksters.com/biography/mohandas_gandhi.php
- <https://www.youtube.com/watch?v=GWhCniD9Vkl>

Malala Yousafzai (er hluti af viðauka 3):

- <http://www.bbc.co.uk/news/world-asia-2324193>
- http://www.nobelprize.org/nobel_prizes/peace/laureates/2014/yousafzai-facts.html

Nelson Mandela (er hluti af viðauka 3):

- http://www.bbc.co.uk/schools/primaryhistory/famouspeople/nelson_mandela/
- <http://www.timeforkids.com/news/nelson-mandela-1918-2013/97361>

Aðrir friðsælir aðgerðarsinnar til að kynna sér

Kailash Satyarthi:

- <http://www.theguardian.com/world/2014/oct/10/nobel-peace-prize-winner-kailash-satyarthi>
- http://www.nobelprize.org/nobel_prizes/peace/laureates/2014/satyarthi-facts.html

Chico Mendes:

- <http://news.bbc.co.uk/1/hi/7795175.stm>
- <http://www.theguardian.com/world/2013/dec/20/brazil-salutes-chico-mendes-25-years-after-murder>

Javid Abdelmoneim:

- <http://www.msf.org.uk/node/27891>

Jane Addams:

- <http://www.scholastic.com/browse/article.jsp?id=4948>

Helen Keller:

- <http://mrnussbaum.com/helen-keller/>
- <http://www.biography.com/people/helen-keller-9361967>

Martin Luther King Jr.:

- http://www.nobelprize.org/nobel_prizes/peace/laureates/1964/king-bio.html
- http://www.bbc.co.uk/history/people/martin_luther_king.shtml
- <http://www.history.com/topics/black-history/martin-luther-king-jr>

Pope Francis:

- <http://www.newyorker.com/magazine/2013/12/23/who-am-i-to-judge>

The White Helmets í Sírylandi:

- <http://www.bbc.co.uk/news/magazine-29666350>
- <http://wagingnonviolence.org/2014/09/syrias-white-helmets-dangerous-job-world/>

VIÐBÓTARVERKEFNI:

Búið til „Friðarsamning“ fyrir bekkinn:

- Vinnið saman með nemendum og komið á fót aðferðum til þess að halda kennslustofunni friðsælli. Skriðið eða sláið inn samninginn á blað og látið bekkinn skrifa undir.

Hin mikla góðvildar áskorun:

- Takið þátt í „Hinni miklu góðvildar áskorunarviku“ í skólanum með því að hlaða niður *Acts of Kindness* gátlistanum og áhaldasettinu.
 - Takið þátt sjálf: <http://greatkindnesschallenge.org/event.html>
- Skráið skólann ykkar og skuldbindið ykkur til að gera skólalóðina að hlýlegri stað: <http://greatkindnesschallenge.org/School/event.html>
- Horfið eða hlustið á og ræðið svo hvaða myndband eða hljóðskrá sem er um friðarfræðslu: <http://teachunicef.org/explore/topic/peace-education>